

Raunvísindastofnun Háskóla Íslands  
Dunahaga 5  
107 Reykjavík

Reykjavík, 22. ágúst 2022  
UST202207-251/I.M.B.  
09.05.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til rannsókna innan Friðlands að Fjallabaki**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands, dagsett 26. júlí 2022, um leyfi til rannsókna á ástandi líparítkviku fyrir gos innan friðlands að Fjallabaki.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sem sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til sýnatöku á líparíthraunum og líparítgjósku 23.-24. ágúst 2022 í Hrafninnuhrauni, í Hraungúlum við Markarfljót (austur af Dalakofa), Sléttahrauni, Hrafninnuskeri, Háölduhrauni og Dómadalshrauni. Samtals er áætlað að taka 10-20 sýni sem að jafnaði eru 4-5 kg hvert.

Í líparíthrauninum verða teknir lausir steinar ef kostur er. Ef ekki finnast heppilegir lausir steinar, verður tekið sýni úr föstu bergi með hamri. Slík sýni verða tekin á lítt áberandi stað og öll ummerki afmáð. Sýni af líparítgjósku verða tekin í lækjarfarvegum eða vatnsrásum þar sem er rof í gjóskuna. Sýnin verða tekin með skóflu og síðan sléttað yfir og rakað að sýnatöku lokinni. Fyrir þessa rannsókn þarf dílótt sýni með sem flestum sýnilegum kristöllum. Grunnmassinn þarf helst að vera glerjaður og því eru heppilegustu sýnin dílótt hrafninna svipuð þeirri sem finnst í Hrafninnuhrauni.

Í forgangi er að skoða þrjú hraun í nágrenni Laufafells; Hraungúla við Markarfljót, Hrafninnuhraun og hraungúla við Laufafell (utan friðlandsins). Líkleg sýnatökusvæði eru merkt á loftmynd sem fylgdi umsókninni.

Í Hrafninnuskeri og Sléttahrauni er tær og díllalaus og verða eingöngu tekin sýni ef eitthvað finnst með kristöllum. Undir Hrafninnuskeri sunnanverðu eru þykk gjóskulög frá upphafi gossins. Ef tími gefst til verður reynt að taka sýni af þeirri gjósku í lækjarfarvegi.

Ekki er þörf á akstri utan vega. Farið verður á stígum þar sem þeir eru til staðar, að öðru leiti gengið að sýnatökustöðum. Þátttakendur í rannsókninni eru sex.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur að niðurstöður rannsóknarinnar gæti bætt þekkingu á Torfajökulsöskjunni og haft jákvæð áhrif fyrir verndargildi Friðlands að Fjallabaki. Miðað við lýsingu verkefnisins er ekki talið líklegt að verkefnið hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúrunnar á Friðlandi að Fjallabaki.

#### **Niðurstaða og skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsóknum innan friðlands að Fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan dagana 23.-26. ágúst 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu riski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Þess skal gætt að raska ekki einstökum jarðmyndunum innan hraunanna. Eingöngu skal taka sýni þar sem hraunið er talið vera með nógu miklum kristöllum svo það henti til rannsóknarinnar.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Sýnataka er eingöngu fyrir ofangreint verkefni og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera merktir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Sýnataka skal fara fram þar sem ummerki um hana eru ekki sýnileg öðrum gestum og afmá ummerki um hana að sýnatöku lokinni.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst

Magnús Freyr Sigurkarlsson  
*sérfræðingur*

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir  
*sérfræðingur*